

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 28. apríl 2020:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að samningar við Arnarskóla verði endurskoðaðir. Nokkur reykvísk börn komast ekki inn í Arnarskóla þrátt fyrir það að úrræðið sé talið henta þeim best af þeim úrræðum sem eru í boði á Íslandi. Það er því gríðarlega mikilvægt að skóla- og frístundaráð óski eftir því að samningar við Arnarskóla verði endurskoðaðir og fleiri börnum boðin þar vist. Í dag eru það fjögur reykvísk börn sem fá að ganga í Arnarskóla. Ekki er búið að taka út starfsemi Arnarskóla enda hefur slík úttekt aldrei farið fram fyrir en í fyrsta lagi á fjórða starfsári nýrra skóla. Mikið eftirlit er þó með starfseminni og full ástæða til þess að treysta þeim fagteymum sem starfa með þessum börnum og foreldrum þeirra.